

Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum.

Frá efnahags- og skattanefnd.

1. gr.

Í stað orðanna „af þjónustu arkitekta, verkfræðinga og tæknifræðinga“ í 2. másl. 2. mgr. ákvæðis til bráðabirgða XV í lögnum kemur: af þjónustu hönnuða og eftirlitsaðila sem lög-gildingu hafa samkvæmt skipulags- og byggingarlögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Í frumvarpinu er lagt til að 2. másl. 2. mgr. í ákvæði til bráðabirgða XV í lögum um virðisaukaskatt verði breytt til samræmis við 1. másl. umræddrar málsgreinar en þetta láðist að gera í breytingartillögu sem samþykkt var við þriðju umræðu frumvarps til laga um breyting á lögum um virðisaukaskatt (þskj. 669 — 289. mál).